

**Nd.**

**272. Nefndarálit**

um frv. til laga um hann gegn refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á þingi 1895 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um eyðing refa. Á umræðum um tillöguna verður ekki sjeð, að nokkrum hafi þá dottið í bug refaeldi hjer á landi. Var tillagan samþykkt ágreiningslaust. Út af þessari áskorun þingsins lagði landshöfðingi, í brjefi dags. 28. des. s. á., fyrir sýslunefndir og amtsráð að láta í ljós álit sitt um málið. Amtsráð suðuramtsins áleit nauðsynlegt að setja almenn lög um eyðing refa, er trygði samvinnu milli sýslna. Sýslunefndir skyldi skipa meun til eftirlits. Vesturamtið áleit, að almenn lög kæmi ekki að tilætluðum notum. Norðuramtið fjellst á almenn lög. Kostnaður skyldi greiddur að hálfu úr sýslusjóði og hálfu úr jafnaðarsjóði. Mælt sjerstaklega með eitrun. Álit austuramtsins var á sömu leið og norðuramtsins.

Stjórnin lagði svo fyrir Alþingi 1897 frv. til laga um eyðing refa, en það var ekki samþykkt.

Á álitum suðuramtsins sjest ljóst, að mistök hafa verið í amtinu á refaveiðunum. Því er talað um nauðsyn á samvinnu milli sýslna. En svo mun og hafa verið í hinum ömtunum, og svo er það enn í dag. Áhuginn er misjafn og árangurinn eftir því. Þarf ekki annað en benda á ákvæði um fjárframlög o. fl. í reglugerðum sýslnanna þessu til sönnunar.

Lög um reglugerðir og löggilding þeirra eru frá 22. mars 1890. Eftir þann tíma hafa reglugerðir um refaveiðar verið settar og samþykktar. Eru sumar allgamlar, en öðrum hefir verið breytt. Hjer skal drepð á nokkur atriði:

Húnavatnssýsla (reglugerð frá 1892). Fæði og daglaun skotmanns um sólarhring 2 kr. 60 a. til hvors, fyrir einn hest 50 a. á dag. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a. Fyrir hvert dýr á öðrum tímum 3 kr. Verðlaun handa byrjendum eru í fyrsta sinn 4 kr., annað sinn 5 kr., þriðja sinn 6 kr. Skotmanni ætluð 20 kr. verðlaun fyrir að vinna 50 dýr.

Mýrasýsla (reglugerð frá 1892). Borgun eftir sveitavenju og samningum til skotmanns og vökumanns. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a.

Norður-Þingeyjarsýsla (reglugerð frá 1894). Borgun eftir því, sem hreppsnefnd álitur hæfilegt.

Skagafjarðarsýsla (reglugerð frá 1894). Fyrir dýr á hverjum tíma árs sem er 3 kr. Enginn má ala yrðling, nema skotmaður til 15. júlí. 100 kr. sekt, ef út af er brugðið. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a. Daglaun skotmanns 4 kr. á sólarhring, en leggi sjer alt til: fæði, reiðskjóta, byssu, skotfæri og hvolpaboga.

Vestur-Skaftafellssýsla (reglugerð frá 1897). Skotmaður fær 5 ál. í daglaun um sólarhring, aðstoðarmaður 4 ál.; kosta sig alveg. Fyrir hvert dýr 3 kr., yrðling 25 a. Verðlaun fyrir að vinna bitvarg og fyrir afbragðs-dugnað ákveður hreppsnefnd.

Norður-Ísafjarðarsýsla (reglugerð frá 1906). Refum skal einkum eytt með eitri. 2 kr. borgun fyrir ref frá 1. maí til 1. okt. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 7 kr., yrðling 50 a. Skotmaður og vökumaður fá 3 kr. hvor á dag, en verða að fæða sig. Missi maður yrðling úr eldi, skal hann greiða 50 kr. sekt fyrir hvern.

Vestur-Barðastrandarsýsla (reglugerð frá 1906, breytt 1907). Engir mega ala yrðlinga nema skotmenn, sem hreppsnefnd hefir ráðið, þó ekki lengur en til júliloka. Ef yrðlingur er alinn lengur og sleppur, liggur við 50 kr. sekt. Sýslumaður má veita undanþágu. Fyrir að finna gren 2 kr. Til skotmanns og vökumanns 3 kr. á dag; fæði sig sjálfir. Fyrir fyrra dýr á greni 5 kr., hitt 15 kr., yrðling 1 kr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla (reglugerð frá 1901). Skytta fær 2 kr. á sólarhring. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 5 kr., yrðling 50 a. Fyrir að alvinna gren 5 kr. Skytta fæðir sig sjálf. Vökumaður fær 3 kr. á dag og fæðir sig.

Austur-Skaftafellssýsla (reglugerð frá 1909). Refir óhelgir. Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 8 kr., yrðling 50 a. Fyrir dýr á öðrum tíma 4 kr. Skotmaður og vökumaður fá 2 kr. minst á dag hvor. Hver, sem elur dýr og missir, sæti minst 4 kr. sekt.

Árnessýsla vestan Hvítár og Ölfusár (reglugerð frá 1909). Dagkaup óákveðið handa skotmanni. Fyrir fyrra dýr á greni 2 kr., hitt 10 kr., yrðling 1 kr. Fyrir dýr á öðrum tíma 3 kr. Fyrir hvern ref, sem sleppur úr gæslu, 20—40 kr. sekt.

Eyjafjarðarsýsla (reglugerð frá 1910). Einn umsjónarmaður í hverjum hreppi. Skotmaður fær 5 ál., vökumaður 4 ál. Fyrir fullorðinn ref 3 kr., yrðling 25 a. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir dýr á öðrum tíma og fyrir bitvarg. Refaeldi ekki nefnt nje sektir.

Vestur-Ísafjarðarsýsla (reglugerð frá 1910). Skotmaður og vökumaður fá 3 kr. hvor um sólarhring. Fyrir fyrra dýr á greni 3 kr., hitt 7 kr., yrðling 50 a. Fyrir hlauparefi 2 kr.

Dalasýsla (reglugerð frá 1912). Fyrir fyrra dýr á greni 8 kr., hitt 16 kr. Leyfi sýslumanns þarf til að mega ala yrðlinga. Hefir hreppstjóri eftirlit. Sekt 50—100 kr. fyrir yrðling, ef sleppur, ef leyfislaust er eldi, 50 kr.

Borgarfjarðarsýsla (reglugerð frá 1914). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 6 kr., yrðling 50 a. Fyrir önnur dýr frá 1. apr. til 31. okt. 3 kr. Fyrir hvern ref, er sleppur úr gæslu, er 20 kr. sekt. Hæfileg daglaun greiðist fyrir grenjavinslu.

Austur-Barðastrandarsýsla (reglugerð frá 1915). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 8 kr., yrðling 50 a. Verðlaun fyrir bitvarg 20 kr. Skýrslu á að gefa um yrðlingaeldi. Sekt fyrir hvern, sem sleppur, 25 kr.

Pingeyjarsýsla, vesturhlutinn (reglugerð frá 1915). Fyrir öll fullorðin dýr 4 kr., síðara dýr á greni 7 kr., yrðlinga 1 kr. Verðlaun greiðist fyrir að vinna bitvarg. Sekt 5—20 kr. fyrir hvern ref, er sleppur úr haldi. Skotmaður hefir 3 kr. og vökumaður 2 kr. um sólarhring. Borgun að öðru leyti eftir mati hreppsnefndar.

Rangárvallasýsla (reglugerð frá 1915). Fyrir fyrra dýr á greni 2 kr., hitt 3 kr., yrðling 50 a. Engar sektir nje bann. Skotmaður hefir í kaup og fæði 2 kr. á dag og 1 kr. fyrir hest, vökumaður sama.

Árnessýsla (reglugerð frá 1914). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 12 kr., yrðling 1 kr. Fyrir hvert dýr á öðrum tíma 10 kr. Fyrir að sleppa ref úr gæslu er 20—40 kr. sekt.

Snæfellsnessýsla (reglugerð frá 1916). Fyrir fyrra dýr á greni 4 kr., hitt 8 kr., yrðlingar seljist við uppboð. Andvirðið skiftist jafnt milli skotmanns, vökumanns, ábúanda og sveitarsjóðs. Fyrir dýr á öðrum tíma 2 kr. Heimilt að ala yrðlinga. 50—200 sekt, ef slept er yrðling. Fyrir að finna gren 2 kr., nýtt 5 kr. Skotmaður fær 3 kr. kaup á dag og má fá meira.

Norður-Múlasýsla (reglugerð frá 1918). Yrðlingaeldi bannað, nema um grenjavinslutimann. 25 kr. sekt fyrir brot. Verðlaun fyrir hvern ref veiddan að vetrarlagi 8—10 kr. Fyrir fyrra dýr á greni 5 kr., hitt 10 kr., yrðling 4 kr. Borgun eftir samkomulagi til skotmanns og vökumanns.

Reglugerð Suður-Múlasýslu hefir ekki fundist.

Þingmaður Mýramanna hefir gert þennan útdrátt úr Stjórnartíðindunum og ber ábyrgð á, að hann sje rjettur.

Á þessu yfirliti sjest, að í 5 sýslum að eins er hreppsnefndum heimilað að semja um eða ákveða daglaun skotmanns og vökumanns, það er í Mýra-, N.-Þing-, Árness-, Borgarfj.- og N.-Múlasýslu. Í hinum flestum eru daglaun svo óhæfilega lágt ákveðin, eins og tímarnir eru nú breyttir, að engan nýtan mann

er hægt að fá fyrir slíkt kaup. Að vísu munu sveitarstjórnir verða að brjóta þessi ákvæði, þegar í nauðir rekur. En yfirleitt hljóta þau að leggja hömlur á fram-  
takssemi í þessu máli. Sömuleiðis eru ætluð mikils til of lítil borgun fyrir unnin  
dýr í mörgum sýslum. Má segja, að mikið vanti á, að sýslunefndir hafi lagt  
nauðsynlega rækt við málið, þó að til sje heiðarlegar undantekningar.

Refaeldi er bannað í þrem sýslum, N.-Múl.,- Skagafj.- og Barðastr.-sýslum;  
undanþága þó heimiluð í Barðastrandsarsýslu. Í nokkrum sýslum er ekki á þetta  
minst. Hefir sýnilega ekki þekst refaupveldi, þegar reglugerðir voru samþýktar.  
Aftur er refaeldi heimilað í fáeinum sýslum, að viðlögðum sektum, ef refir sleppa.

Í frv. því, er fyrir liggur, er refaupveldi alment bannað, nema um grenja-  
vinslutímenn. Nefndinni er ljóst, að það er alls ónóg til útrýmingar refum hjer  
á landi. En spor er það í áttina, ef refaveiðar eru alstaðar vel stundaðar árlega.  
Stutt er síðan einstakir menn fundu upp á því að ala upp refi, ná yrðlingum  
að vorinu og geyma þá í eyjum og víðar fram á veturinn, farga þeim síðan og  
hirða skinnin til að gera sjer peninga úr. Enn eru að eins fáir menn farnir að  
fást við þetta. Og alt af vofir yfir sú hætta, að refirnir sleppi, bæði þegar ísalög  
eru milli lands og eyja, og líka þótt þeir sje geymdir á meginlandi. Sauðsjenaður  
manna er engu óhultari fyrir því, þótt menn kynni að verða sektaðir. Færi nú  
refaeldi að tíðkast um land alt, margfaldaðist hætta. Vissa er þegar fyrir því,  
að refir hafa sloppið úr haldi, líklega meira en margan grunar, og einmitt síðan  
er refagengd meiri en nokkru sinni áður. Annaðhvort er því að banna refaeldi  
nú þegar, áður en fleiri fara að stunda það, og afstýra hættunni, eða láta reka  
á reiðanum. Fyrir landsmönnum hefir jafnan vakað að eyða refum, þó að það  
hafi illa gengið og mörg orðið mistök. En það verður ekki lengur markmiðið,  
ef leyft er refaeldi, heldur hitt, að viðhalda refum.

Allir, sem þekkja, hversu sárt refurinn leikur sauðskepnuna og hvílikt  
stórtjón hann vinnur landbúnaðinum, ætti að hefjast handa til að geryða honum.

Nefndin ihugaði, hvort ráðlegt væri að breyta frumvarpinu og setja í það  
almenn ákvæði um eyðing refa, en hún komst að þeirri niðurstöðu, að heppi-  
legast mundi, að sýslunefndir og sveitarstjórnir hefðu málið í sínum höndum,  
eins og verið hefir. En af því að áhugi á málinu er hvergi nærri nógu almenn-  
ur, og ýms úrelt ákvæði í reglugerðum sýslanna um refaveiðar, sem tesja fyrir  
framkvæmdum, ætlar nefndin að koma fram með tillögu til þingsályktunar, þar  
sem skorað er á stjórnina að brýna fyrir sýslunefndaroddivitum að koma málinu  
í betra horf.

Eins og áður er sagt, telur nefndin frv. spor í rjetta átt. Hagsmuni al-  
mennings verður að meta hjer meira en fárra einstaklinga. Leggur nefndin því  
til, að frv. sje samþýkt með þessum

## BREYTINGUM.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Refaeldi skal bannað hjer á landi.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:  
Frumvarp til laga um bann gegn refaeldi.

Alþingi, 4. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson, form.	Einar Árnason, fundaskrifari.	Jón Jónsson, ritari.
-----------------------------	----------------------------------	-------------------------

Pjetur Þórðarson.      Sigurður Sigurðsson.